

Sjöunda ársþing KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBAND ÍSLANDS var haldið sunnudaginn 26. nóv. 1967, í húsakynnum Tjarnarbuðar í Reykjavík. Hófst þingið kl. 14.00.

Þetta gerðist:

Pingsetning,

Formaður KKÍ setti þingið með nokkrum ávarpsorðum. Bauð hann þingfulltrúa, 24 talsins, velkomna til þinghalds og sagði, að það væri ekki oft, sem körfuknattleiksmenn sprengdu utan af sér húsnæði það, sem þeir hefðu til starfsemi sinnar, en svo væri vissulega nú, þar sem fundarsókn mun aldrei hafa verið jafn góð. Sagði formaður, að undanfarið hefðu verið nokkur blaðaskrif um dræna aðsókn að körfuknattleiksleikjum, en kvaðst fullviss um, að ef þeirri prentsvertu, sem í þau blaðaskrif hefði verið varið, hefði verið eytt í að skrifa um leiki í körfuknattleiks-mótum jafnframt því að getið væri um leiki, sem framundan væru, hefði aðsóknin að leikjunum orðið betri. Þá sagði formaður jafnframt, að á reikningum KKÍ fyrir síðasta starfs-ár kæmi fram, að mikið tap hefði verið á síðasta starfsári, en þar kæmi einnig það gleðilega fram, að með tilkomu íþróttahallarinnar í Laugardalnum, hefði aðsókn að körfu-knattleik vaxið, það sýndi sig í því, að aldrei hefði komið inn jafnmiklar fjárhæðir fyrir aðgöngumiða. Þá hvatti formaður alla þingfulltrúa svo og alla velunnara körfu-knattleiksins til að standa traustan vörð um körfuknattleiks-íþróttina, og standa einhuga og samstilltir að því að auka útbreiðslu hennar og áhuga fyrir henni.

Í lok ræðu sinnar kvaðst formaður vilja minnast tveggja velunnara körfuknattleiksins, sem látið hefðu frá því að síðasta ársþing var haldið, þ.e. þeirra Benedikts Jakobssonar, íþróttakennara og Finns Finnssonar, flugmanns. Báðir hefðu þeir verið einlægir stuðningsmenn körfuknattleiksíþróttarinnar, Benedikt n.a. verið í fyrstu stjórn KKÍ, og Finnur áhugasamur leikmaður, jafnframt því að hann hefði verið einn fremsti dómarí okkar. Bað hann þingheim að heiðra minnigu þessara tveggja látnu manna með því að rísa úr sætum, og var það gort.

Kosning starfsmanna þingsins.

Að tillögu formanns KKÍ var Gunnar Torfason, form., KKRR einróma kjörinn þingforseti, og tók hann við stjórn þingsins. Þingritrar voru kjörnir þeir Magnús Björnsson og Ágnar Friðriksson.

Kosning fastanefnda þingsins.

Kjörbrófanefnd:

Práinn Scheving, form.

Ingi Gunnarsson,

Helgi Sigurðsson.

Fjárhagsnefnd:

Gunnar Petersen, form.

Magnús Sigurðsson,

Guðmundur Árnason.

Laga- og leikreglunefnd:

Gunnar Gunnarsson, form.,

Sigurður E. Gíslason,

Kristbjörn Albertsson.

Kosningu allsherjarnefndar var frestað, þar til séð yrði, hvort einhverjum málum, sem upp kynnu að koma á þinginu, yrði vísað til þeirrar nefndar.

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, flutti skýrslu fráfarandi stjórnar. Var henni útbýtt fjörlritaðri á þinginu og víast til hennar.

Að loknum flutningi skýrslunnar kvaðst formaður vilja geta nokkurra atriða, sem þar hefðu ekki komið fram.

Tvær gjafir til KKÍ hefðu borizt á árinu. Fararstjórn danske landsliðsins hefði afhent stjórn KKÍ að gjöf fallega myndabók frá Danmörku, og hefði gjöf þessi verið gefin í tilefni heimsóknar danske landsliðsins hingað á sl. vori.

Pá hefði Mr. Zinkoff, einn af forráðamönnum hins heimsþekkta ameríkska atvinnumannakörfuknattleiksliðs Philadelphia 76 'ers komið að málí við formann KKÍ á sl. vori og afhent son gjöf frá félaginu Wilson Körfubolta, áritaðan af öllum liðsmönnum hins heimsfræga liðs.

Pá sagði Bogi Þorsteinsson, að því miður gæti ekki orðið af fyrirhugaðri keppnisför íslenzka úrvalsliðsins til Bandaríkjanna, en ferð þessi hefði verið fyrirhuguð um næstu áramót. Innbyrðis deilur amerískra sérsambanda um það, hvaða aðili innan Bandaríkjanna ætti að annast móttöku erlendra keppnisflokka og jafnframt annast val á bandarískum keppnisflokum til keppni utan Bandaríkjanna, hefðu valdið þessum leiða atburði, sem af skiljanlogun ástæðum væri KKÍ lagerlega óviðkomandi. Kvað Bogi betta vera mjög leitt, þar sem Bandaríkjumenn bæru höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir á sviði körfuknattleiksins og keppnisferö úrvalsflokks íslenzks þangað á ekki minna en 3 - 4ra ára fresti væri undirstaða þess, að leikurinn tæki eðlilegum fransförum.

People to People santökin hefðu þá boðist til að taka á móti íslenzku úrvalsliði til keppni, en skilyrði fyrir þeirri ferð, sem sett hefðu verið, algerlega óaðgengileg. Þá hofðu sönu santök boðist til að skipuleggja ferð íslenzks úrvalsliðs til USA á næsta ári og það væri eitt af mikilvægustu nálum, sen taka þyrfti afstöðu til hjá hinni nýju stjórn, sem kosin yrði á þessu þingi.

Pá vék formaður að væntalegri Norðurlandameistararónóti í körfuknattleik, POLAR CUP, sem haldin yrði hér í Reykjavík á næsta ári. Kvað formaður undirbúning keppninnar og skipulagningu hennar mikið og erfitt verk, ef íslondingar eiga ekki að verða eftirbátar hinna Norðurlandabjóðanna, en skipulagning fyrri POLAR CUP-keppna hefði verið til nikilla fyrirmynðar.

Skoraði hann á hvern cinstakan velunnara körfuknattleiksins að liggja ekki á liðveizlu sinni við undirbúning og frankvænd keppninnar hér.

Að lokum minntist formaður enn nokkrum orðum á aðsólm að körfuknattleik. Íökendum íþróttarinnar hefði stöðugt farið fjölgandi en það væri ekki nægilegt, ef vegna fjárhags örðulcika, reyndist ekki unnt að halda nauðsynleg móti mannsænandi húsakynnum.

Álit kjörbréfaneftnar:

Kjörbréfaneftnd hafði setið á rökstólum og skilaði áliti sínu. Hafði Práinn Scheving orð fyrir nefndinni. Kvað hann nefndina leggja til að kjörbréf eftirtalinna fulltrúa yrðu sanþykkt:

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Kristbjörn Albertsson og Ingi Gunnarsson.

Frá UMSB:

Rúnar Ragnarsson og Ásmundur Ólafsson.

Frá UMSK:

Bertram Möller

Frá HSK:

Bjarni Einarsson, Magnús H. Sigurðsson, Ólafur Haraldsson og Bir Ír Porkelsson.

Frá KKRR:

Gunnar Torfason, Sigurður E. Gíslason, Guðnundur Árnason, Kristinn Stefánsson, Gunnar Gunnarsson, Helgi Ágústsson, Sigríð Karlsson og Þorlákur Holgason.

Skyrsla gjaldkera:

Gunnar Petersen, gjaldkeri KKÍ, las reikninga sambandsins og skýrði jafnframt cinstaka liði þeirra. Var reikningun útbýtt fjörlituðum á þinginu og vísast til þeirra. Reikningarnir voru endurskoðaðir af endurskoðendum sambandsins, þeim Póri Guðnundssyni og Helga V. Jónssyni.

Unræður um reikningana og skýrslu fráfarandi stjórnar:

Magnús Björnsson óskaði að í fundargerð þessa fundar yrði þess getið, að Bogi Þorsteinsson, formaður KKÍ hefði verið fyrstur til að verða þess heiðurs aðnjótandi, að vera sändur gullmerki KKÍ. Hefði það verið gort á 5 ára afmáli KKÍ. Sagði Magnús að þess atburðar hefði ekki verið getið í skýrslu þeirri, sem lögð hefði verið fyrir sjötta ársþingið í fyrra. Þá bar Magnús og fram fyrirspurn, varðandi freðsluritið "KÖRFUKNATTLIEIKUR I".

Holgi Sigurðsson svaraði fyrirspurn Magnúsar um freðsluritið. Sagði hann útbreiðslunefnd vera nokkuð vonsvikna, vegna dræmra undirtekta aðildarfélaga um þetta rit, þar sem það hefði sýnt sig, að sögn þeirra sem það hefðu reynt, að það kæmi að miklum notum við kennslu og þjálfun körfuknattleiks, þeði hjá byrjendum svo og þeim sem lengra væru kormir í íþróttinni. Skoraði hann á þingfulltrúa að benda viðkomandi aðildarfélögum á gagnsemi og not þessa bæklings.

Holgi Ágústsson beinti þeirri fyrirspurn til gjaldkera, hvaða horfur væru um innheintu tveggja stærstu liðanna á liðnum "útistandandi skuldir" á Efnahagsreikningi KKÍ.

Gunnar Petersen svaraði því til, að skuld Einars Matthíassonar upp á kr. 12.070,90, væri tilkonin vegna auglýsinga í loíkskrá, fyrir landsleikinn við Dani og væru þessir penningar undir höndum Einars og ætti ekki að vera mikil fyrirhöfn að innheirta þá. Skuld Helga Jóhannssonar væri aftur á móti tilkonin vegna þess, að KKÍ hefði rift starfssamning við Helga Jóhannsson, vegna þess, að hann hefði ekki staðið við atriði hans, en Helgi hefði fengið fyrirfrangreiðslu upp í vœtanlegt starf hans. Helgi hefði fallizt á að greiða þessar kr. 30.000,- í vor.

Unræður um reikninga urðu ekki meiri og beir síðan samþykktir samhljóða.

Tillögur:

Eftirtaldar tillögur voru lagðar fyrir pingið:

Frá stjórn KKÍ hafði borizt eftirfarandi tillaga:

"7. ársbing KKÍ samþykkir, að þáttökugjöld í Íslandsmóti 1968 verði hin sömu og á síðasta móti, eða sem hér segir:

Meistarafl. karla	kr. 1.000,-
Meistarafl. kvenna	)
I. og II. fl. karla	kr. 250.-
III. og IV.fl. karla	)
II. fl. kvenna	kr. 100.-

Gjöldin greiðist í upphafi mótsins".

Eftirfarandi tillaga um breytingu á reglugerð um bikarkeppni KKÍ:

"Undirritaðir gera það að tillögu sinni, að stjórn KKÍ breyti reglugerð um bikarkeppni KKÍ á þá leið, að meistarafloksliðum I. deildar verði framvogis heimiluð þátttaka.

Helgi Ágústsson,  
Kristinn Stefánsson,  
Gunnar Gunnarsson".

Þá kom fram tillaga frá fulltrúun fSB, varðandi það, hvar leikir I. deildar liðs ÍKF á næsta Íslandsmeistaramóti, færðu fram. Er tillagan á þessa leið:

"Við undirritaðir fulltrúuar náumum hér með, að vantanleg stjórn KKÍ leyti eftir samþykki eða leyfi Varnarmála-deildar á því, að hluti Íslandsmótsins fari einnig fram á Keflavíkurflugvelli.

Ingi Gunnarsson,  
Kristbjörn Albertsson."

Pingforseti lagði nú til, að tillögu um þáttökugjaldið yrði vísað til fjárhagsnefndar, en hinum tveimur til laga- og leikreglunefndar. Var það samþykkt sanhljóða.

Álit nefnda:

Gunnar Petersen hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd. Hafði nefndin í þinghléi unnið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár.

Fjárhagsnefnd lagði til að tillaga stjórnar um þáttökugjöldin yrði samþykkt samhljóða. Tillaga fjarhagsnefndar um fjárhagsáætlunina svo og um þáttökugjöldin voru síðan samþykktar.

Formaður laga- og leikreglunefndar kvað nefndina ekki hafa getað tekið afstöðu til þeirra tveggja tillagna, sem til nefndarinnar hefði verið vísað sakir tímaskorts. Bogi Þorsteinsson kvað hér vera um mál að ræða, er þyrfти mikilla athugunar við, og því réttast að vísa þeim báðum til vœntanlograr stjórnar. Tillagan um breytingu á reglugerð um Bikarkeppni KKÍ væri svo veigamikil, að hann taldi það eðlilegast að stjórn KKÍ leitaði álits aðildarfélaga KKÍ um hana. Samþykkti þingið samhljóða þá tillögu Boga, að vísa tillögnum báðum til stjórnar KKÍ.

Önnur mál:

Bogi Þorsteinsson vakti athygli þingfulltrúa á þeim vandkvæðum, sem oft hefðu skapast vegna þess, að lið þau, sem leika ættu saman léku í líkum búningum. Kvast hann vilja hreyfa því mál, að hvert félag ætti two búninga, annan hvítan en hinn dökkan, og léki það lið, sem léki á heimavelli í ljósnum búningi, en aðkomuliðið í þeim dökka. Hann kvað of snemmt að ákveða nokkuð í þessu sambandi, og því bæri hann ekki fram tillögu.

Fleira var ekki rætt undir þessum dagskrárlíðum.

Kosningar:

Kjósa átti einn mann sem aðalmann í körfuknattloiksdómstól og annan til vara. Í stað Guðjóns Magnússonar sem aðalmanns var kjörinn Gunnar Gunnarsson, og til vara var kjörinn Tómas Zoðga.

Því næst var gengið til kosningar stjórnar KKÍ fyrir næsta starfsárá. Ein uppástunga kom fram um næsta formann, með nafninu Bogi Þorsteinsson og var hann einróma kosinn með miklu og langvarandi lófataki.

Aðrir í stjórn með honum voru kjörnir:

Magnús Björnsson, Gunnar Petersen, Helgi Sigurðsson,  
Þráinn Scheving, Magnús Sigurðsson (læknir), og  
Jón Eysteinsson.

Upplýsti þingforseti í þessu sambandi, að þeir Hallgrímur Gunnarsson og Ágnar Friðriksson, sem báðir hefðu setið í síðustu stjórn hefðu ekki gefið kost á sér til endurkjörs sakir anna.

Í varastjórn voru kjörnir:

Sigurður E. Gíslason, Ásgeir Guðmundsson og  
Helgi V. Jónsson.

Endurskoðendur voru kjörnir:

Gunnar Torfason og Þórir Guðmundsson  
en til vara Helgi Ágústsson.

Kosningu fulltrúa á næsta íþróttabing var vísað til stjórnar.

Að loknum kosningum tók þingforseti til málს. Árnaði hann hinni nýkjörnu stjórn allra heilla og kvað menn moga búast við jafn þróttmiklu starfi frá þessari stjórn og þeirri fyrri.

Bogi Þorsteinsson tók til málს. Pakkaði hann enn traust það sem honum hefði verið synt með því að kjósa hann enn einu sinni sem formann KKÍ. Hann kvaðst gera sór groin fyrir því, að vegna þess að hann væri ekki búsettur í höfuðborginni, þar sem þungi stjórnarstarfanna væri, hefði hann ekki rækt starf sitt sem skyldi. Hann hefði gjarna viljað draga sig í hlé, en stjórnarmenn hefðu lagt að sér að gefa kost á sér til endurkjörs.

Magnús Björnsson tók til máls og þakkaði Boga frábor störf í þágu körfuknattleiksins fyrr og síðar, um leið og hann óskaði Boga til hamingju með endurkjörið.

Að lokum tók Gunnar Torfason, þingforseti til máls, þakkaði Boga Þprsteinssyni fyrir hönd KKRR gott sanstarf á liðnum árum. Jafnframt kvaðst Gunnar vonast til, að samstarfið yrði jafngott í framtíðinni. Að lokum þakkaði þingforseti fulltrúum þingsetu, óskaði utanþejarmönnum góðrar heimferðar og sleit 7. ársþingi KKRR, kl. 17:00.

Agnar Friðriksson (sign)

Magnús Björnsson (sign)